



# Handbók leiðbeinanda

Að valdefla  
kvenleiðtoga í  
ferðapjónustunni



# EFNISYFIRLIT

- 01 Velkomin í Handbók leiðbeinenda í We Lead**
- 02 Að vinna með heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun**
- 03 Fléttaðu meginreglur heimsmarkmiðanna inn í stjórnunarhætti þína**
- 04 Hvað er hagsmunabaráttan?**
- 05 Byggðu upp herferð, skref fyrir skref**
- 06 Herferðir og verkefni sem miða að því að efla forystu kvenna og sjálfbær ferðalög**
- 07 Fáðu innblástur! Hjálplegir tenglar og heimildir**



Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Þetta leyfi veitir notanda rétt til að dreifa, endurvinna, aðlaga og þróa efnið áfram í öllum hvaða miðli eða formi sem er, svo lengi sem höfundar eru nefndir. Þetta leyfi gefur færi á notkun í gróðaskyni. Með notkun CC BY leyfisins fylgir sú skylda að geta höfundar: „Eftir: nafn höfundar.“




# 1. Velkomin í Handbók leiðbeinenda í We Lead

Velkomin í Handbók leiðbeinenda, sem er hönnuð til að valdefla og hvetja leiðtoga í ferðapjónustunni til að berjast fyrir forystu kvenna og auknu kynjajafnvægi í greininni.

Þessi handbók er hönnuð semyfirgripsmikil leiðarvísir til að þróa skilvirkar aðferðir fyrir hagsmunabaráttu sem og til að útskýra hvernig hægt sé að samtvinna heimsmarkmiðin inn í stjórnunaraðferðir. Hún virkar líka sem leiðarvísir um hvernig hægt sé að nota efni frá We Lead til að miða hagsmunabaráttu þinni og herferðum áfram.

Við vonum að þessi handbók, ásamt leiðbeiningum okkar um herferðir á netinu, muni færa þér tólin sem þú þarft til að hleypa þínum eigin herferðir úr vör, sem leggja áherslu á mikilvægi betra jafnvægis kynjanna í leiðtogastöðu, og sjálfbæra starfshætti innan ferðapjónustunnar.



„Þegar heimurinn  
þagnar, þá verður  
sérhver rödd hávær.“

– Malala Yousafzai, pakistönsk baráttukona og  
aðgerðarsinni sem er þekktust fyrir að berjast fyrir  
réttinum til menntunar, sérstaklega fyrir stúlkur.

## 2. Að vinna með heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun

Handbók leiðbeinenda er hönnuð til að hvetja og leiðbeina aðilum innan ferðaþjónustunnar við að skipuleggja og framkvæma herferðir og verkefni sem varpa ljósi á forystu kvenna og loftslagsaðgerðir. We Lead verkefnið snýst um að varpa ljósi á tvö heimsmarkmið (nr. 5 og 13) og hve mikilvægt það er að styðja við verkefni sem takast á við áskoranirnar sem þar er lýst.

Heimsmarkmiðin 17 eru ákall til allra landa heimsins um að vinna saman að því að binda endi á fátækt, bæta heilsu og menntun og draga úr ójöfnuði, um leið og þau takast á við áskoranir sem fylgja loftslagsbreytingum. Öll heimsmarkmiðin 17 innihalda nokkur takmörk sem þarf að ná (í heildina 169 takmörk) til að ná umræddum markmiðum.

Það hefur sannað sig að þegar heimsmarkmiðunum er hrint í framkvæmd á skilvirkan hátt geta þau stuðlað að jákvæðum og gagnlegum stefnubreytingum (heimild).

Ferðaþjónustuna má tengja við öll heimsmarkmiðin sautján. Það er vegna þess að ferðaþjónusta er ekki bara efnahagslega mikilvæg, heldur hefur hún einnig áhrif á félagslega þætti samfélaga og þar með á líf fólks – hvort sem um ræðir ferðamennina sjálfa eða samfélagin sem hýsa þá.



## Heimsmarkmiðin:

# Ferðapjónusta, kynjajafnrétti & loftslagsaðgerðir

Sökum þess á hve margvíslegan hátt ferðapjónustan og heimsmarkmiðin tengjast saman þá eru margar leiðir fyrir ferðapjónustufyrirtæki og aðra hagsmunaaðila til að innleiða heimsmarkmiðin inn í starfsemi sína og átaksverkefni. Í We Lead einblínum við á markmið 5 og 13, sem sagt jafnrétti kynjanna og aðgerðir í loftslagsmálum.

### Heimsmarkmið 5: Jafnrétti kynjanna

Markmið heimsmarkmiðs 5 er að „**jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.**“ Í þessari yfirlýsingu felst nauðsyn þess að tryggja atvinnuöryggi kvenna, frjósemisrétt þeirra, útrýmingu kynbundins ofbeldis og að konur taki raunverulegan þátt í ákvarðanatöku, bæði á opinberum vettvangi og hjá einkafyrirtækjum.

Í þessu sambandi getur ferðapjónusta gegnt lykilhlutverki með því að valdefla konur, sérstaklega með því að skapa þeim atvinnutækifæri og tekjur frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum í ferðapjónustu. Þetta tengist líka heimsmarkmiði 8, sem snýst um mikilvægi „arðbærra og mannsæmandi atvinnutækifæra fyrir alla.“

Ferðapjónusta er nú þegar atvinnugrein þar sem hátt hlutfall starfsfólks eru konur og greinin á sér langa sögu kvenfrumkvöðla í ferðapjónustu sem mótað hafa greinina. Ferðapjónustan er því frábær vettvangur fyrir konur til að taka forystu og setja sitt mark á mikilvæga ákvarðanatöku til að takast á við þær áskoranir sem ferðapjónustan stendur frammi fyrir, þar á meðal loftslagsbreytingar.

### Heimsmarkmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum

Ferðapjónustan stuðlar að og verður fyrir áhrifum loftslagsbreytinga, þar sem greinin er mjög háð umhverfinu.

Þess vegna ættu hagsmunaaðilar í ferðapjónustu að taka virkan þátt í alþjóðlegum viðbrögðum við loftslagsbreytingum. Því ætti geirinn í heild sinni að stefna að því að minnka kolefnisfótspor sitt og stefna að litlum kolefnisvexti og mótvægisáðgerðum til að hjálpa til við að takast á við eina af brýnustu áskorunum samtímans.

Menntun og þjálfun eru grundvallaraðferðir til að vekja athygli á aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum. Því er **brýnt að fyrirtæki og stofnanir í ferðapjónustu einbeiti sér að því að fræða starfsmenn og viðskiptavinum um loftslagsbreytingar og kosti sjálfbærra starfshátta í ferðapjónustu.**



## Umræður:



- Hvaða skref getur fyrirtækið þitt / stofnunin þín tekið til að tryggja aukið **kynjajafnvægi og fleiri tækifæri**, bæði í daglegum rekstri og í langtímaáætlunum?



- Hvernig samtvinnar fyrirtækið þitt / stofnunin þín **aðferðum sjálfbærrar ferðaþjónustu** inn í starfsemina? Hefur þú innleitt einhver sjálfbærnimarkmið í viðskiptaáætlanir þínar?

## Viðbótarlesefni:



Við köfum dýpra í hvernig þessi tvö markmið tvinnast saman í Samantektarskýrslu okkar um konur sem leiðtoga í sjálfbærri ferðaþjónustu. Í skýrslunni vekjum við athygli á því hvernig nýlegar rannsóknir sýna að konur eru almennt meðvitaðri um umhverfið en karlar, og hvernig jafnara kynjahlutfall í stjórnunarstöðum getur haft jákvæð áhrif á áhrif fyrirtækja á loftslagið.



### 3. Fléttaðu meginreglur heimsmarkmiðanna inn í stjórnunarhætti þína

Sjálfbærni má ekki bara vera innantómt tískuorð. Til að tryggja að ferðapjónustufyrirtækið þitt (eða stofnunin) vinni að því á virkan hátt að lágmarka neikvæð áhrif ferðalaga og þróa sjálfbæra starfshætti – þá **verður að samtvinna sjálfbærni inn í alla þætti fyrirtækisins ... sérstaklega forystu þess.**

Leiðtogar sem brenna fyrir sjálfbærni er starfsfólk sem vill og getur skipulagt langtímaáætlanir um sjálfbærni og staðið við þær. Það getur litið á fyrirtækið í heild sinni með sjálfbærnigleraugum og bent á hvar sé hægt að bæta hlutina og hefur drifkraftinn til að klára það.



**Sjálfbærni leiðtogar eru „einstaklingar sem þróa að láta gott af sér leiða með því að dýpka meðvitund sína um sig sjálfa í tengslum við heiminn í kringum sig. Með því tileinka þeir sér nýjar leiðir til að sjá, hugsa og eiga samskipti, sem leiða af sér nýstárlegar og sjálfbærar lausnir.“**

- Sjálfbærni leiðtogastofnunin  
(The Sustainability Leadership Institute)





### 3. Fléttaðu meginreglur heimsmarkmiðanna inn í stjórnunarhætti þína (frh.)

Til þess að vera sjálfbærnileiðtogi og samþætta meginreglur heimsmarkmiðanna inn í þína vinnu þarftu að vera með skýrar hugmyndir um hverju þú vilt áorka innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem þú vinnur hjá, sem og hvernig þú munt mæla árangurinn. Það verða hindranir á leiðinni og því er mikilvægt að vera sveigjanleg og óhrædd við að gera tilraunir til að finna hvað hentar þínum vinnustað.

Til að gera fyrirtæki sjálfbært þarf sjálfbærni að vera **hluti af vörumerkinu** og tryggja þarf að fyrirtækið sem heild endurspegli þessi gildi. Þá er **gagnsæi mjög mikilvægt** til að skapa traust og trúverðugleika, þannig að miðlaðu hugmyndafræðinni til starfsmanna þinna, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila og sýndu þeim af hverju þetta er mikilvægt.

Svo er ein besta leiðin til að hvetja til sjálfbærra starfshátta að sýna gott fordæmi og fá þannig aðra til að fylgja í kjölfarið. Finndu sífellt nýjar leiðir til að bæta þig og lærðu af bæði góðum árangri og mistökum, til að bæta sjálfbærniaðferðir þínar jafnt og þétt.

#### Meira lesefni

- [Blueprint for SDG Leadership](#)
- [Sustainable Development Goals: How to integrate the SDGs in 4 Steps](#)
- [Sustainable Leadership: Linking Theory and Practice](#)
- [Role of Local Leadership in attaining Sustainable Development Goals](#)



# Öll hagsmunabarátta er í raun æfing í samkennd

- Samantha Power

Stjórnandi hjá Alþjóðápróunarstofnun

Bandaríkjanna



## 4. Hvað er hagsmunabarátta?

Hagsmunabarátta er að **velja sér málstað og berjast meðvitað fyrir honum**, þar sem þú grípur til meðvitaðra aðgerða til þess að ná markmiðum þínum.

Hagsmunabarátta felur ekki endilega í sér árekstra eða átök, en hún felur í sér að vekja athygli þeirra sem hafa valdið til að gera þær breytingar sem þarf og gera þeim ljóst hvar vandinn liggur – sem og að ná til þeirra sem geta hjálpað til við að breiða út boðskapinn.

Lykillinn að farsælli hagsmunabaráttu er að **þekkja efnið vel og miðla skýrum skilaboðum** til þíns markhóps. Í næsta kafla munum við fara yfir nokkrar gagnlegar leiðbeiningar og aðferðir um hvernig þú getur skipulagt árangursríka herferð eða verkefni.

## 5. Byggðu upp herferð, skref fyrir skref

### 1. Fræddu þig um málefnið/málefnin

Áður en hagsmunabaráttan hefst er mikilvægt að þróa dýpri skilning á þeim málefnum og vandamálum sem eru til staðar, svo að baráttan verði eins áhrifarík og hægt er.


- Hver eru helstu málefnin?
- Hverja hafa þau mest áhrif á?

Annað sem er mikilvægt að hafa í huga, áður en baráttan eða herferðin hefst, er að hafa skýr markmið.

- Hvað væri æskileg niðurstaða?
- Hvernig nærðu best til markhópsins?
- Hvernig geturðu hvatt fólk til að taka þátt í herferðinni?

Með því að svara þessum spurningum og sökkva þér í þau mál sem þú vilt berjast fyrir geturðu byrjað að leggja grunninn að þeirri vitundarvakningu sem mun hjálpa þér að ná markmiðunum. Það að tryggja aukið jafnrétti kynjanna og innleiða sjálfbæra starfshætti í ferðapjónustu kann að virðast ansi stórt verkefni. Þess vegna er mikilvægt að gera **skothelda áætlun og hafa nokkur skýr markmið í huga.**

Þó að þú vitir líklega þegar í stórum dráttum hvers vegna jafnrétti og loftslagsaðgerðir eru mikilvæg málefni, þá er mikilvægt að kafa dýpra í sértæk málefni sem þú vilt taka á og mæta vopnuð aukinni þekkingu um málefnið og hvernig þau hafa áhrif á samfélagið. **Vopnuð þekkingu** ertu betur í stakk búin til að koma skilaboðum þínum á framfæri, sannfæra aðra um að taka þátt og svara öllum spurningum sem munu spretta upp.





# 1. Fræddu þig um málefnið/málefnið (framhald)

## Meira lesefni:

Opna kennslufnið sem We Lead hefur þróað var hannað til þess að takast á við:

- Kynjamun í ferðaþjónustu um gervalla Evrópu, sérstaklega í stjórnendastörfum.
- Týndi hlekkurinn á milli kynjajafnréttis og loftslagsbreytinga, sem getur komið í veg fyrir árangursrík græn umskipti á vinnumarkaði ef ekki er tekið á málinu.
- Ójafnt aðgengi í ákvarðanatökufærlum um loftslagsaðgerðir og nauðsyn þess að nýta krafta kvenna og minnihlutahópa í öllum sínum fjölbreytileika, sem sérfræðinga, í ákvarðanatöku, sem neytendur, umönnunaraðila, kennara og hagsmunaaðila.
- Mikill fjöldi erlendra starfsmanna og farandverkamanna innan ferðaþjónustunnar, sem fer vaxandi í öllum löndum Evrópusambandsins vegna mikils fjölda kvenna og barna sem hafa flúið átakasvæði heimsins.

Opna kennslufnið eru því frábær upphafsreitir ef þú vilt kafa dýpra í þessi mál og öðlast nauðsynlega bakgrunnsþekkingu fyrir þín eigin verkefni sem tengjast kynjajafnvægi og sjálfbærum starfsháttum innan ferðaþjónustunnar!

### Kennslufni í opnum aðgangi

**We Lead** WOMEN IN TOURISM, HOSPITALITY & LEISURE

- 1. HLUTI**  
Konur í ferðaþjónustu
  - Að sigrast á áskorunum og stuðla að breytingum
  - Hindrunum rutt úr vegg: jafnrétti í leiðtogastörfum
  - Valdefling kvenna í ferðaþjónustu
  - Kynjajafnrétti: að stuðla að inngildingu og jafnrétti
  - Að hjálpa konum á framabrot: bestu aðferðirnar
  - Hlutverk kvenna í sjálfbærum rekstri
- 2. HLUTI**  
Hvernig á að komast í stjórnunarstöður?
  - Mennta- og færniþróun
  - Tengslanet og leiðbeinendur
  - Barátta og sjálfsleiki
  - Að byggja upp leiðtogahæfni
- 3. HLUTI**  
Kynbundnar loftslagsaðgerðir og stefnur
  - Áhrif loftslagsbreytinga á konur
  - Kynjamláðar loftslagsstefnur
  - Konur, mótvaegisaðgerðir og aðlögun
  - Valdefling kvenna og loftslagsaðgerðir
  - Kynjasambætting í loftslagsstefnum
- 4. HLUTI**  
Tengsl ferðaþjónustunnar og heimsmarkmiðanna
  - Engin fátækt og aukin jöfnuður
  - Goð atvinna og hagvöxtur
  - Umhverfisjálfbærni
  - Verndun og kynning menningarverðmæta
  - Þróun og aðgangur að grunnþjónustu
  - Menntun, meðvitund og sjálfbærar aðferðir
- 5. HLUTI**  
Að mynda sér betri heim: Þróun hugmynda, könnun og skapandi framtíðarsýn
  - Hvettu til sköpunar og nýsköpunar
  - Ræktaðu inngildingarmenntun
  - Eflðu símenntun og þróun
  - Eflðu ævintýrabrá og fróðleiksleit
  - Skapaðu vettvang fyrir samvinnu og tengsl
  - Ræktaðu sjálfbært hugarfar
- 6. HLUTI**  
Samvinna, samskipti og mikilvægi þverfaglegs náms
  - Grundvallaratriði árangursríks samstarfs
  - Samskiptahæfni fyrir leiðtoga
  - Að auðvelda ákvarðanatöku og hugmyndavinnu
  - Starfræn töl fyrir samvinnu og samskipti
  - Að virkja vöxt og þverfaglegt nám
  - Að auka þátttöku hagsmunaaðila

Co-funded by the European Union

Þessi af Evrópusambandinu. Stafræn og stafræn sem settar eru fram eru þá meginreglu, háttir og málþingir, ekki endilega stafræn Evrópusambandinu, eða Evrópuáhrifastofnun. Fundur um menntu og menntamálið (EACEA) hefur Evrópusambandið til EACEA geta tekið áherslu á þess.





## 2. Þekktu þinn markhóp

Markhópurinn þinn eru þau sem þú vilt hafa áhrif á og/eða fræða um sjálfbæra ferðaþjónustu og/eða mikilvægi kynjajafnvægis.

Áður en þú byrjar ættirðu því að hafa á hreinu hverjir það eru sem þú ert að reyna að ná til, þar sem það getur hjálpað þér að ná betur til markhópsins og bætt samskiptin við hann þegar herferðin eða verkefnið er farið af stað.

### Markhóparnir þínir geta verið:

- innan þíns eigin fyrirtækis/stofnunar, ferðaþjónustunnar á svæðinu eða meðal viðskiptavina þinna.
- konur sem starfa í ferðaþjónustu, hugsanlegir viðskiptavinir, önnur ferðaþjónustufyrirtæki, sveitarfélög eða aðrir hagsmunaaðilar.

Þegar þú hefur skilgreint markhópinn þinn geturðu byrjað að kynnast honum og mótað stefnu og innihald herferðarinnar.



### Meira lesefni:

- Communicating Respect: Know Your Audience
- Target audience: What it is and how to find yours



### 3. Samvinna getur verið mjög góð leið til að bera út boðskapinn



Það að finna önnur fyrirtæki, samtök eða stofnanir með svipaða hugmyndafræði til að vinna með getur verið mjög árangursrík leið til að bera út boðskapinn til breiðari markhóps og sýnir vilja til að taka höndum saman til að takast á við aðsteðjandi hættu. Því fleiri raddir sem eru virkjaðar, því líklegra verður að boðskapurinn komist til skila.

Hér eru nokkrar spurningar sem er gott að íhuga þegar þú leitar að samstarfsaðilum:

- Hverju viltu ná fram með samstarfinu?
- Hvað vantar þig aðstoð við?
- Hvaða færni, sérfræðilekkingu eða styrkleikum ertu að leita að?

Það er gott að hafa skýra sýn á markmið samstarfsins til að það verði eins farsælt og mögulegt er. Gott samstarf getur hjálpað til við að hámarka útbreiðslu þína og komið boðskapnum áleiðis til fólksins sem þú vilt að heyri hann, hvort sem það snýst um að deila styrkleikum, hugmyndum eða fylgjendum.



#### Meira lesefni:

- [A Quick guide on Business Collaboration: Best Practices, Types & Tools You Should Use](#)
- [How do you find and contact collaborators for your project?](#)
- [How to Establish a Collaboration](#)
- [What Makes Advocacy Collaboratives Successful?](#)



## 4. Að semja áætlun

Ferðapjónustufyrirtæki, samtök og aðrir hagsmunaaðilar sem vilja búa til herferð þurfa að skilgreina markmið átaksins og skipta þeim niður í ákveðin skref. Það að skipta heildarmarkmiðunum niður í smærri viðráðanleg skref er góð leið til þess að tryggja að herferðin haldist á réttri leið. Það getur líka verið gagnlegt að **skipta skrefunum í:**

a) langtímamarkmið,                      b) miðlungslöng markmið,                      c) skammtímamarkmið.

- **Nákvæmni:** Vertu jafn nákvæm og hægt er varðandi markmiðin, hverju þú vilt ná fram, fyrir hvern, hvers vegna og hvernig tímalínan lítur út.
- **Mælanlegt:** Skilgreindu hvernig þú munt mæla framfarir og árangur herferðarinnar. Þetta getur líka verið frábær leið fyrir þig til að sjá hversu miklu þú hefur áorkað.
- **Raunhæft:** Settu þér raunhæf markmið. Vertu metnaðarfull, en um leið raunsæ. Hverju getur þú áorkað með þann tíma og fjármagn sem þú hefur úr að spila?
- **Skiptir máli:** Tryggðu að öll skrefin skipti máli við að ná lokamarkmiðinu, það mun hjálpa þér að ná tilsettum árangri.
- **Lokafrestur:** Ákveddu hvenær herferðinni líkur. Það að hafa ákveðna dagsetningu til að vinna eftir kemur í veg fyrir að þú glatir einbeitingunni.



### Meira lesefni:

- Developing Strategic and Action Plans
- How to write SMART goals plus examples



## 5. Að koma skilaboðunum á framfæri

Það eru margar leiðir til að koma skilaboðum á framfæri og það er mikilvægt að finna bestu miðlunarleiðina.

Að finna bestu leiðina til að koma skilaboðum á framfæri á þann hátt að þau ýti undir gagnkvæman skilning og hvetji fólk til að taka þátt í herferðinni – hvort sem þú ert að koma á framfæri sjálfbærum starfsháttum fyrirtækisins þíns eða að tala fyrir auknu jafnvægi á milli kynjanna.

Atriði sem ber að hafa í huga

- **Tilgangur og skilaboð:** Vertu alveg skýr með það hverju þú ert að miðla, til að forðast misskilning.
- **Miðlunarleið samskipta:** Hvernig ætlar þú að koma skilaboðunum á framfæri? Það að velja ákveðna miðlunarleið getur haft áhrif á hvernig skilaboðin eru móttokin. Ertu að skipuleggja samfélagsmiðlaherferð? Vinnustofu? Miðlunarleiðin ætti að móta tón og stíl samskiptanna.
- **Að semja skilaboðin:** Veldu markmálið, orðin, myndirnar og jafnvel hljóðin (t.d. fyrir myndbönd) af kostgæfni. Því meiri hugsun sem þú leggur í að koma skilaboðunum vel til skila, því minni líkur eru á mistökum.
- **Samskipti og endurgjöf:** Skipuleggðu leiðir í samskiptaáætluninni fyrir markhópin að vera í sambandi og gefa endurgjöf. Það hjálpar þér að tryggja að skilaboðin séu rétt móttekin og getur hjálpað til við að styrkja heildarmarkmið þín og samband þitt við markhópin.



### Meira lesefni:

- [Getting Your Message Out: 10 Communication Practices for Changing Times](#)
- [Communicating the message](#)
- [Communicating with Purpose](#)





## 5. Að koma skilaboðunum á framfæri (framhald)

Það er mikilvægt að þróa með sér góða samskiptahæfileika til að eiga samskipti við starfsmenn, samstarfsaðila og þinn markhóp og það eru ýmsar leiðir til að ná markmiðum þínum með skýrum samskiptum sem ná vel til fólks. Ekki vera hrædd við að finna nýstárlegar og skapandi leiðir til að eiga samskipti við fólk.

### Virk hlustun

Virk hlustun er ein mikilvægasta færni sem við getum tileinkað okkur. Það krefst æfingar og þolinmæði, þar sem við höfum tilhneigingu til að fara að hugsa um það næsta sem við ætlum að segja á meðan aðrir tala. **Virk hlustun snýst um að skapa tengsl við starfsmenn, samstarfsaðila og markhópinn þinn.** Þegar unnið er í hóp að sameiginlegu markmiði gerir virk hlustun samskipti hópsins skilvirkari og auðveldar lausn deiluefna. Að vera opinn fyrir því sem aðrir segja ýtir undir nýjar hugmyndir og skilvirkari leiðir til að gera hlutina.

### Samningatækni

Það að nota samningatækni sem hluta af samskiptistefnu við teymið þitt eða samstarfsaðila getur verið skilvirk leið til að forðast óþarfa rifrildi og þokar verkefnum áfram með því að finna heppilegar lausnir. Það getur hjálpað teyminu að skoða vandamál frá öllum hliðum og finna málamiðlun sem gagnast heildarmarkmiðum herferðarinnar.



### Meira lesefni:

- [Active listening skills in leadership](#)
- [Negotiation as a Leadership Skill](#)
- [Negotiation skills for leaders](#)



## 5. Að koma skilaboðunum á framfæri (framhald)

### Sagnamennska

Það að segja sögu er gagnlegt tæki fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og stofnanir til að eiga samskipti við mögulega kúnna. Sögur eru frábær leið til að fanga athygli fólks, skapa tengsl og veita fólki innblástur til að grípa til aðgerða. **Ekki vera hrædd við að verða persónuleg!**

Þú getur notað mismunandi miðlunarleiðir á borð við myndbönd, hljóð, texta eða grafík til að koma sögunni á framfæri, en það er mikilvægt að nota lifandi myndmál, blæbrigðaríkt tungumál og dæmi til að fólk sökkvi sér í frásögnina. Þá er mikilvægt að frásögnin sé ekta og endurspegli það sem þú vilt leggja áherslu á í herferðinni.

### Herferðir á netinu

Herferðir á netinu eru frábær leið fyrir fyrirtæki og stofnanir í ferðaþjónustu til að gera boðskap sinn sýnilegan gagnvart sínum markhópi. Hægt er að keyra herferðina í gegnum ýmsa netmiðla, þar á meðal samfélagsmiðla, netsíður og dagblöð. Þetta getur líka verið áhrifarík leið til að fá fólk til að taka þátt í herferðinni og hjálpa til við að auka meðvitund um málefnið og ná þannig til enn fleira fólks.

Kafaðu dýpra og skoðaðu þetta → Leiðarvísir We Lead um netherferðir

### Meira lesefni:

- [The Power of Business Storytelling: Hear Ideas From 9 Experts](#)
- [Storytelling and the art of advocacy](#)
- [The Role of Storytelling in Digital Advocacy](#)



## 6. Herferðir og verkefni sem miða að því að efla forystu kvenna og sjálfbær ferðalög



Það að efla kvenleiðtoga í ferðapjónustu er nauðsynlegt til að stuðla að kynjajafnrétti, hagvexti og sjálfbærri þróun um heim allan.

Eftirfarandi verkefni gegna lykilhlutverki við að efla forystu kvenna og valdefla konur í ferðapjónustunni, sem stuðlar á endanum að sjálfbærari þróun ferðapjónustu um heim allan. **Við hvetjum þig til að skoða vefsíðurnar, læra meira um hvað þau eru að gera og fá þannig innblástur!**

**UN Women's Empowerment Principles** (WEPs): UN Women stuðlar að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna á vinnustað í gegnum WEP. Þessar meginreglur hjálpa fyrirtækjum við að styrkja konur í forystustörfum, þar með talið í ferðapjónustunni.

**Global Tourism Women's Empowerment Network** (GTWEN): GTWEN er alþjóðlegt net sem ætlað er að efla forystu kvenna og frumkvöðlastarf þeirra í ferðapjónustu. Þau veita stuðning, leiðsögn og tækifæri til tengslamyndunar fyrir konur í ýmsum störfum innan ferðapjónustunnar.

**Women in Travel CIC**: Women in Travel CIC eru félagasamtök sem helga sig því að styrkja konur í ferðapjónustunni. Þau bjóða upp á leiðbeinandaáætlanir, viðburði til að skapa tengslanet og hagsmunabaráttu við að styðja kvenleiðtoga og frama kvenna.

**Global Sustainable Tourism Council (GSTC) – Gender Equality in Tourism**: GSTC stuðlar að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna við þróun sjálfbærrar ferðapjónustu. Samtökin bjóða upp á leiðsögn og vottunaráætlanir til að hjálpa ferðapjónustufyrirtækjum að samþætta stefnu og venjur kynjajafnréttis inn í starfsemi sína.

**International Women in Travel & Tourism Forum** (IWTTF): IWTTF sameinar kvenleiðtoga og hagsmunaaðila úr ferðapjónustunni til að ræða áskoranir, skiptast á ráðum og berjast fyrir jafnrétti kynjanna. Samtökin eru vettvangur fyrir tengslamyndun, leiðbeinendaprögrömm og samvinnu til að efla forystu kvenna í ferðapjónustunni.

# Herferðir og verkefni sem miða að því að efla forystu kvenna og sjálfbær ferðalög (framhald)

Ferðapjónustufyrirtæki, Áfangastaðamarkaðsfyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar geta haft mikil áhrif á hvernig fólk ferðast og þær ákvarðanir sem það tekur í friinu. Ýmsar ferðapjónustustofnanir hafa hleypt af stokkunum skapandi og áhrifamiklum herferðum til að leggja áherslu á mikilvægi sjálfbærra ferðalaga og vekja ferðamenn til vitundar um hvaða áhrif þeir geta haft.

## Simply Feel Good:

Verðlaunaherferð sem Visit Germany setti á laggirnar árið 2021. Herferðin sýnir hvernig ferðamenn geta heimsótt Þýskaland á sjálfbæran en skemmtilegan máta.

## Community Conscious Travel:

er nýjasta alþjóðlega herferð World Travel & Tourism Council og miðar að því að auka meðvitund og vernda jafnvægið á milli lífsgæða heimamanna, upplifunar ferðamanna og umhverfis áfangastaðarins.

## Keep the Fun Going:

var herferð fyrir sjálfbæra ferðapjónustu sem ferðamálaráðuneyti Filippseyja hleypti af stokkunum árið 2019, með það markmið að hvetja ferðamenn til að „æfa vistvænar ferðir“ með því að taka þátt í leikjum sem miðuðu að vistvænni ferðum.

## Travel Matters Campaign:

Átak breska ferðapjónustufyrirtækisins Travel Matters, sem leggur metnað sinn í sjálfbær ferðalög og að fræða bæði önnur fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra um hvernig hægt sé að lágmarka neikvæð áhrif ferðapjónustunnar.

# 7. Fáðu innblástur!

## Hjálplegir tenglar og heimildir

Við höfum safnað saman gagnlegum og áhugaverðum greinum, skýrslum, blogg færslum, hlaðvörpum og öðru efni til að hjálpa þér í hagsmunabaráttunni og baráttunni fyrir kynjajafnrétti og sjálfbærum starfsháttum í ferðaþjónustunni!

### Skýrslur og greinar

#### Sjálfbærni:

Að ná heimsmarkmiðunum í gegnum ferðaþjónustuna – Verkfærakista:

- <https://www.e-unwto.org/doi/10.18111/9789284424344>
- <https://www.unwto.org/tourism4sdgs>
- <https://www.mdpi.com/2071-1050/14/5/2561>
- <https://enterclimate.com/blog/sustainable-tourism-practices/>
- <https://ecocart.io/sustainable-tourism-marketing-strategies/>

#### Kyn og ferðaþjónusta:

- <https://www.e-unwto.org/doi/pdf/10.18111/9789284420384>
- <https://www.unwto.org/gender-and-tourism>
- <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2211973621000337>



# Fáðu innblásur!

## Hjálplegir tenglar og heimildir

### Hlaðvörp

#### [„The Broad Experience“ / Ashley Milne-Tyte](#)

Hlaðvarp um málefni á borð við kynjamisrétti, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og sértæka reynslu kvenna í atvinnulífinu.

#### [„She Leads“ / Amanda Blesing](#)

Amanda tekur viðtöl við kvenleiðtoga úr ýmsum starfsstéttum og ræðir stjórnun, velgengni og þær áskoranir sem konur þurfa að takast á við á starfsferlinum.

#### [Sheryl Sandberg: „Af hverju við eigum of fáa kvenkyns leiðtoga“](#)

Sheryl Sandberg, rekstrarstjóri Facebook, veitir innsýn í hvernig konur geta náð árangri í starfi og gefur góð ráð.

#### [Elizabeth Gilbert: „Vulgengni, vonbrigði og það sem heldur sköpunarkraftinum lifandi“](#)

Rithöfundurinn Elizabeth Gilbert talar um skapandi ferli og forystu, en þetta á ágætlega við konur í ferðapjónustu sem eru að reyna að rata í krefjandi umhverfi.

#### [Women We Watch in Tourism](#)

Women We Watch er fyrsta alþjóðlega hlaðvarpið um kvenleiðtoga úr ferðapjónustunni og árangur þeirra þegar kom að frumkvöðlastarfi, jafnrétti kynjanna, nýsköpun, kreppustjórnun og mörgu öðru. Hver þáttur greinir frá faglegri sögu þessara kvenleiðtoga, viðskiptamódeli þeirra, reynslu, leiðtogaeiginleikum og hagnýtum ráðum fyrir hlustendur.

#### [Notaðu röddina, atkvæðið þitt og veskið til að berjast fyrir loftslagsaðgerðum](#)

Pat Mitchell hjá TEDWomen ræddi árið 2021 við Höllu Tómasdóttir, sem í júní 2024 var kjörin forseti Íslands. Halla hvetur okkur öll til að gangast við okkar eigin valdi og nota röddina, atkvæði okkar og veskið til að knýja fram mikilvægar loftslagsaðgerðir.



# Fáðu innblástur! Hjálplegir tenglar og heimildir

## Handbók We Lead um góða starfshætti

Í Handbók We Lead um góða starfshætti eru sögur frá kvenleiðtogum innan ferðaþjónustunnar í þeim löndum sem taka þátt í We Lead Erasmus+ verkefninu. Með því að deila sögum frá konum í mismunandi leiðtogahlutverkum í ferðaþjónustunni vonumst við til að upplýsa sem og hvetja framtíðar kvenleiðtoga, sem og að skapa meðvitund innan greinarinnar um mikilvægi kvenleiðtoga við að ná markmiðum sjálfbærrar ferðaþjónustu sem tekur ábyrgð gagnvart loftslagsmálum.

